

indi sjúklinga og æðri stjórnarskrá lýðveldisins. Ef hann reynist ekki vera það geta lækna, sem afhenda gögn sjúklinga sinna án upplýsts samþykkis sjúklinga, átt á hættu lögsókn, jafnvel þó þeir afhendi gögnin í skjóli opinberra stofnana. Félagið Mannvernd hefur ráðið lögfræðing til að prófa réttarstöðu lækna og sjúklinga gagnvart (gullasnanum) gagnagrunnslögnum. Mannvernd hefur einnig leitað til lækna um fjárframlög til að kosta væntanleg málaferli. Undirtektir hafa verið dræmar. Má vera að

lækna, hvort sem þeir eru meðmæltir eða andvígir gagnagrunninum, vilji ekki vita um réttarstöðu sína gagnvart lögnum og vilji heldur eiga á hættu að vera kærðir eða kærir sig ekki um að verja rétt sjúklinga sinna sem þeim ber að gera samkvæmt læknaeiðnum? Getur verið að sporslusiðferðið sé orðið svo rótgróið í stéttinni að menn tími eða þori ekki að reiða af höndum fé til að komast að raun um réttarstöðu sína? Getur verið að gullasinn sé að verða húsdýr læknaástéttarinnar?



Reykjavíkurborg kaupir Mýri

UM MIÐJAN MARSMÁNUÐ var gengið frá sölu húseignarinnar Mýri í Litla-Skerjafirði sem verið hefur í eigu Læknafélags Reykjavíkur í rúman áratug. Kaupandi er Reykjavíkurborg sem hyggst starfrækja þar áfram leikskóla með óbreyttu sniði, í bili að minnsta kosti.

Læknafélag Reykjavíkur keypti húsið árið 1989 en árið áður höfðu konur í röðum unglækna gert kröfu til félagsins um að það brygðist við ófremdarástandi sem þá ríkti í dagvistarmálum í borginni. Magni Jónsson var þá formaður og stjórn hans brá við hart, lét gera könnun á ástandinu meðal félagsmanna og í ljósi hennar var ráðist í kaupin á húsinu. Þetta var ekki óumdeilt en húsið var engu að síður keypt og meðal annars fjármagnað með aukaálagi sem lagðist ofan á félagsgjöld lækna.

Húsið var innréttað og settur þar á stofn leikskóli. Gerður var samningur við Reykjavíkurborg til 10 ára um kaupin en foreldrafélag leikskólans sá um rekstur-

inn. Þegar samningurinn rann út síðastliðið haust höfðu aðstæður lækna breyst sem og staðan í dagvistarmálum í borginni. Þá voru einungis tvö lækna börn í leikskólanum og forsendur fyrir þátttöku LR í rekstrinum brostnar að flestra mati.

Húsið var sett á söluskrá og bærust tvö tilboð í það, bæði frá fólki sem hugðist halda áfram rekstri leikskóla í húsinu. Á endanum gekk Reykjavíkurborg inn í herra tilboðið og keypti húsið fyrir 32 milljónir króna.

Að sögn Ólafs Þórs Ævarssonar formanns LR ríkir mikil ánægja með þessa sölu í röðum félagsmanna. „Eftir að áhvílandi skuldir hafa verið gerðar upp verður til sjóður sem nemur rúmlega 20 milljónum króna. Honum hefur ekki verið ráðstafað en við höfum hug á að nýta hann til að styrkja starf félagsins að kjaramálum, svo sem með því að kaupa ráðgjöf og annan stuðning við samninga-nefnd félagsins,“ sagði Ólafur Þór. —PH

Til lækna

■ HJÁLAGÐAR ERU VINNUREGLUR Tryggingastofnunar ríkisins um útgáfu lyfjaskírteina fyrir terbínafin (Lamisil).

Eins og kunnugt er var felld niður greiðsluþátttaka TR í þessu lyfi frá og með áramótum, samkvæmt reglugerðarbreytingu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Niðurfelling greiðsluþátttökunnar hefur mætt mikilli andstöðu lækna, einkum sérfræðinga í húðsjúkdómum, sem hafa fært rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að koma til móts við sjúklinga með alvarlegar og langvinnar sveppasýkingar í húð og nögglum.

Vinnureglurnar eru settar í samráði við HTR og skýra sig sjálfar. Vakinn er athygli á því, að sjúklingi er ætlað að greiða að fullu fyrir lyfið fyrstu tvo mánuði meðferðarinnar og skal lækni votta, að þeirri meðferð sé lokið.

Áður innsend vottorð verða endurskoðuð með tilliti til vinnureglanna og óskað eftir frekari upplýsingum sé þeirra þörf.

TRYGGINGAYFIRLÆKNIR

Vinnureglur

■ ÚTGÁFA LYFJASKÍRTEINA fyrir sveppalyf, lyfjaflokkur D01BA02 (terbínafín), vegna sveppasýkinga í nögglum og/eða húð.

1. Í umsókn um lyfjaskírteini (lækna- vottorði) skal lækni votta, að sjúklingur hafi þegar lokið tveggja mánaða meðferð með lyfinu (1). Jafnframt skulu fylgja niðurstöður ræktunar og/eða smásjárskoðunar, sem staðfesta greiningu.
2. Gefið er út lyfjaskírteini, sem heimil afgreiðslu á 30 daga skammti, E merkt. Gildistími skírteinis er sex mánuðir frá útgáfudegi.

1. Sjúklingur greiðir að fullu fyrir fyrstu tvo mánuðina.